

Áfangalýsing

| | |
|--|--|
| Titill | Barnabókmenntir |
| Námsgrein | Íslenska |
| Viðfangsefni | Barna- og ungmennabókmenntir |
| Skammstöfun | ÍSLE3BB05 |
| Staða | |
| Þrep | 3 |
| Einingafjöldi | 5 |
| Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla | |
| Lýsing | <p><i>Fjallað er um barna- og ungmennabókmenntir í viðum skilningi, svo sem myndabækur, sögur, ljóð, ævintýri og teiknimyndir. Nemendur kynna einkennum, formi, útbreiðslu, vinsældum og kröfum sem gerðar eru til barnabókmennta. Gert ráð fyrir að nemendur lesi allnokkra mismunandi bókmenntatexta, auk fræðilegrar umfjöllunar um barnabókmenntir.</i></p> <p><i>Áfanginn byggir á ýmiss konar verkefnavinnu, verklegri, munnlegri og skriflegri. Farið er fram á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.</i></p> <p>Bókmenntir/ritun: Nemendur kynna sér ýmis verk og/eða kafla úr þeim; sögum, ljóðum, leikverkum og fjölmiðlum (netmiðlum). Lögð er áhersla á persónusköpun, framsetningu, túlkun og endurspeglun þjóðfélagsins. Nemendur vinna ýmiss konar verkefni sem kynnt eru í töluðu og rituðu máli</p> <p>Málnotkun og málsnið: Nemendur athuga málfar og málnotkun í barnaefni og bera saman við annars konar texta.</p> <p>Framsögn: Nemendur kynna niðurstöður sínar. Gert er ráð fyrir að allir nemendur taki þátt í umræðum og geti rökstutt mál sitt.</p> |
| Forkröfur | ÍSLE2OS05 og ÍSLE2BV05 |
| Þekkingarviðmið | <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• barna- og ungmennabókmenntum í sögulegu ljósi• mismunandi frásagnaraðferð og framsetningu í barna- og ungmennabókmenntum• tengslum barna- og ungmennabókmennta við siðferðisþroska• samspili barna- og ungmennabókmennta, samfélags og menningar• málfari og orðaforða barna- og ungmennabókmennta• innrætingu og túlkun barna- og ungmennabókmennta |
| Leikniviðmið | <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• beita gagnrýninni hugsun við vinnslu verkefna þar sem skoðanir þeirra koma fram• nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða• draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og tengja við eigin skoðanir• Að flytja af nokkru öryggi niðurstöður sínar frammi fyrir hópi• Að lesa sér til gagns bókmenntaverk ásamt fræði textum um barnabókmenntir, skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið |

| | |
|--------------------|--|
| Hæfniviðmið | <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna skapandi og greinandi verkefni í tengslum við barna- og ungmennabókmenntir og þá fræðilegu umfjöllun sem lögð er til grundvallar í áfanganum • beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti • taka þátt í málaefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efni og komast að niðurstöðu • túlka texta barnabókmennta og greina merkingu undir yfirborðinu • ræða barna- og ungmennabókmenntir í tengslum við aðrar bókmenntagreinar • meta uppeldisgildi barna- og ungmennabókmennta út frá ýmsum sjónarmiðum og gera sér grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar matinu • sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum. |
| Námsmat | Símat/leiðsagnamat og próf. |
| Útgáfunúmer | |
| Skólar | |
| Fyrirmynd | |